

A. Jóhannesson, skipherra á skonnortunni Áróru frá Mandal, hefir goldið í sekt fyrir ólögmætar fiskiveiðar sínar í fyrra á Eyjafirði, og að fê þetta hefir verið greidt í aðalféhirzluna hér í bænum, sem íslenzk tekjugrein, er rennur í ríkissjóðinn.

1868.
4. septbr.

53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um styrk handa borgaraliði Vestmannaeyinga til verðlauna.

4. septbr.

Í bréfi því, er hér með fylgir í eptirriti og borizt hefir hingað beina leið, hefir Bjarni Magnússon, sýslumaður á Vestmannaeyjum skýrt frá, að nú í ár hafi verið skotið saman 30 rd. til framfara og þroska hinu sjálfviljuga borgaraliði á Vestmannaeyjum, og hafi J. P. T. Bryde, íslenzkur kaupmaður, er það hefir valið sèr til foringja, ábyrgzt, að sama upphæð skuli goldin framvegis á hverju ári, meðan hann er foringi liðsins. Hefir sýslumaðurinn þar á ofan sókt um, að tæðu borgaraliði verði veittir, samkvæmt lofordi stjórnarráðsins í bréfi 8. nóvembermán. 1866, 20 til 30 rd. á ári til verðlauna handa þeim af liðsmönnum, sem skara fram úr öðrum að skotfimi eða í heræfingum.

Útaf þessu skal yður kunngjört, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að stjórnarráðið veitir þessu sjálfviljuga liði 20 rd. styrk í þessu skyni fyrir fjárhagsárið, sem nú er að líða, og skal styrkurinn greiddur af fê því, sem ætlað er í fjárhagslögunum til óvissra gjalda handa Íslandi. Landfógetanum á Íslandi hefir verið skrifað um þetta í dag.